



Sjálfbærnistefna Vegagerðarinnar

Vegagerðin

5. maí 2025

Sjálfbærnistefna Vegagerðarinnar

Hlutverk Vegagerðarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum og sjá til að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Með sjálfbærnistefnu setur Vegagerðin sér markmið um að innleiða sjálfbærni í starfsemi sína, allt frá hönnun mannvirkja til framkvæmda og reksturs. Vegagerðin stefnir að því að lágmarka rask og neikvæð umhverfisáhrif, viðhafa góð og fagleg vinnubrögð, skapa jöfn tækifæri og tryggja örugga samgöngumáta fyrir alla vegfarendur. Sjálfbærnistefnan tekur mið af stefnu Vegagerðarinnar 2024-2028 þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni undir yfirskriftinni „Sjálfbærni með í för“. Sjálfbærnistefnan er í samræmi við áherslur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlega staðla í sjálfbærni.

Forstjóri Vegagerðarinnar ber ábyrgð á sjálfbærnistefnunni, en einstökum verkþáttum og aðgerðum er úthlutað skilgreindum ábyrgðaraðilum samkvæmt aðgerðaáætlun sem gefin er út samhliða stefnunni.

Sjálfbærnistefnan byggir á þremur meginstoðum sjálfbærrar þróunar; umhverfislegri sjálfbærni, samfélagslegri ábyrgð og hagsæld og sjálfbærum stjórnunarháttum sem allar styðja hver aðra. Framfylgd stefnunnar er í samræmi við aðgerðaráætlun sem felur í sér tímasettar aðgerðir, skýra ábyrgð og reglulega eftirfylgni með stefnuáherslum.

Mælikvarðar sjálfbærnivísa aðgerðaráætlunar eru reglulega uppfærðir og ber deild umhverfis og sjálfbærni ábyrgð á eftirfylgni þeirra.

1. Umhverfisleg sjálfbærni

Vegagerðin leggur áherslu á að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar og minnka kolefnisspor með hringrásarhugsun og styðja loftslagsvænar lausnir í framkvæmdum og þjónustu.

- Stefnt er að skilvirkri nýtingu efna og minni úrgangi með því að efla endurvinnslu og auka flokkun úrgangs.
- Unnið er að því auka líftíma mannvirkja og búnaðar með gerð lífsferils- og lífstímakostnaðargreiningu.
- Vegagerðin vinnur markvisst að því að vernda náttúru og líffræðilega fjölbreytni með því að takmarka rask á viðkvæmum vistkerfum og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Sérstök áhersla er lögð á að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar.
- Til að draga úr loftslagsáhrifum og auka viðnámsþol innviða leitast Vegagerðin við að minnka kolefnisspor starfsemi sinnar með því að nota vistvæn efni í rekstri og framkvæmdum. Samgöngukerfið verður styrkt til að standast álag vegna loftslagsbreytinga og stuðlað er að vistvænum samgöngumátum til að minnka umhverfisáhrif samgangna.
- Vegagerðin innleiðir vistvæn innkaup með því að forgangsraða umhverfisvænum vörum og þjónustu og stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda í aðfangakeðju sinni. Í tækjabúnaði og starfsemi Vegagerðarinnar er leitast við að nýta vélar og tæki sem uppfylla umhverfisstaðla og auka hlutfall vistvænna tækja til að minnka eldsneytisnotkun og draga úr mengun.

2. Samfélagsleg ábyrgð

Vegagerðin vinnur að því að tryggja öruggar og fjölbreyttar samgöngur fyrir alla notendur, sem stuðlar að betra aðgengi að þjónustu, búsetu og störfum og styrkir tengsl milli svæða.

- Tryggt er að allar innviðaframkvæmdir séu hannaðar, byggðar og viðhaldið með almannaoðryggi og heilsu í forgangi.
- Unnið verður að því í rekstri Vegagerðarinnar að bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist.
- Vegagerðin styður fjölbreytta samgöngumáta með uppbyggingu innviða og rekstri.
- Vegagerðin tryggir sanngjarna starfshætti og styður við fjölbreytileika og jöfn tækifæri, óháð bakgrunni, kyni eða öðrum þáttum.

3. Hagsæld og sjálfbærir stjórnumarhættir

Vegagerðin stefnir að því að skapa jöfn tækifæri og örugga samgöngumáta fyrir alla vegfarendur.

- Vegagerðin tryggir ábyrga stefnumótun, innleiðingu og eftirfylgni sjálfbærnimála innan stofnunarinnar og leggur áherslu á miðlun upplýsinga og samtal við hagaðila.
- Þróun, rannsóknir, nýsköpun og fjárfestingar stuðla að vel undirbyggðum áherslum aðgerða og forgangsroðun framkvæmda.
- Aðgengi að þjónustu, búsetu og starfi er tryggt með fjölbreyttum samgöngumátum, um allt land.
- Vegagerðin tryggir fræðslu og stuðning til starfsfólks til að uppfylla markmið sjálfbærnistefnu og innleiðingu hennar.

Samþykkt 5. maí 2025